

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Þjóðhátíðargjöf Norðmanna nr. 279 30. maí 1975.

Stjórn sjóðsins Þjóðhátíðargjöf Norðmanna hefur hinn 3. febrúar 1998 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 30. maí 1975.

1. gr.

2. málsl. 6. gr. fellur brott.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi við birtingu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. mars 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

16. mars 1998

Nr. 200

REGLUGERÐ

um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.

1. gr.

Búfjármörk.

- 1.1. Búfjármörk eru; örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eyrnamörk. Skylt er hverjum búfjáreiganda að hafa glögg mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð fyrir lok 12. viku sumars. Skylt er að brennimerkja eða plötumerkja allt ásett sauðfé og geitfé með brennimarki eða númeri lögbýlis eða eiganda, sýslutákni og númeri sveitarfélags. Að auki er heimilt að brennimerkja sömu númer og tákn á horn.
- 1.2. Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um mörk og skil á stórgripum. Sammerkingar stórgripa eru óheimilar innan fjallskilaumdæma. Stjórn fjallskilaumdæmis skal, að öðru leyti setja í samráði við markavörð, reglur um takmörkun á sammerkingum stórgripa og samræma þær eftir þörfum við nágrennasýslur.
- 1.3. Í fjallskilasamþykkt er heimilt að tilgreina hvers konar mörk sé óheimilt að taka upp eða nota. Í markaskrá skal skýra eyrnamörk með myndum og geta um heiti þeirra. Markaverðir skulu vinna sem rækilegast að því að núverandi markeigendur leggi niður mörk, sem nú eru í markaskrá, en eru af annarri gerð en mörk, sem heimilt er að taka upp samkvæmt ákvæðum fjallskilasamþykktar og reglugerðar þessarar. Óheimilt er að prenta þau mörk í markaskrá umdæmisins eftir að núverandi eigendur þeirra hætta að eiga búfé. Markaverðir skulu vinna að því að markeigendur leggi niður varasamar námerkingar og leiðbeina um mörk og marklag.

2. gr.

Eyrmörk.

- 2.1. Eyrmörk skulu bera sömu heiti í öllum fjallskilaumdæmum. Heiti þeirra eru í stafrófsröð sem hér segir, en stjarna aftan við heiti marksins táknar að unnið skuli gegn notkun þess framvegis: